


grunnmynd efri hæð



afstöðumynd, 1:500

### Skógarás 5 breyting gerð í maí 2023

**Forsaga:**  
Húsið Skógarás 5 (áður Skógarás F) var hannað af Valdís Bjarnadóttur arkitekt, Vinnustofunni Þverá ehf. og teikningar voru samþykktar í byggingarnefnd Hafnarfjarðar þann 7. maí 2008.

Sami höfundur gerði breytingu á kótum beggja hæða hússins sem samþykkt var 2008. Sú breyting var gerð vegna hækkunar húss handan götunnar um 37 cm, sem hafði verið gerð án vitundar eigenda Skógarás F.

Breyting á klæðningu hússins Skógarás 5 ásamt tilfærslu og breytingu á nokkrum gluggum og breytingu barnaherbergja á neðri hæð var gerð af Tripólí arkitektum og samþykkt 5. desember 2019.

**Núverandi breyting:**  
Sótt er um stækkun húss að mestu til suð-vesturs og verður stækkunin grafin inn í brekkuna ofan hússins, nema aðkoma og horn að götu. Rýmið verður nýtt fyrir vagna- og hjólageymslu, afþreyingarherbergi og dagmömmurými. Einnig þvottaherbergi, þar sem núverandi þvottahúsi verður breytt í svefnherbergi. Gluggi á því rými er því stækkaður og þar sett björgunarp.

Stækkunin er öll innan núverandi byggingarreitís nema vestasti hlutinn sem allur er neðan jarðar og undir verönd ofan hússins. Verönd verður endurgerð yfir viðbótar bygginguna ásamt skjólvegg. Sýnilegir veggir verða klæddir með sama efni og í sama lit og núverandi klæðning, sem hefur verið færð inn á teikningar. Handrið á viðbyggingu verður úr gleri.

Viðbygging er gerð úr járnbentri steinsteypu, einangruð að utan með steinull og klædd sömu blökkklæðningu og er á húsi. Þak er einnig úr járnbentri steinsteypu, einangrað að ofan og allt undir verönd. Drenlagn er í kringum viðbyggingu. Samskonar álkæddir timbrgluggar í sama lit og sömur gerðar og á núverandi húsi. Innihurðir sömu gerðar og núverandi hurðir, útihurð að vagna- og hjólageymslu opnast upp og er sömu gerðar og núverandi hurð bilgeymslu.

Stærð fyrir breytingu 301,6 m<sup>2</sup>, brúttórúmmál 979,9 m<sup>3</sup>.  
Stærð eftir breytingu 364,5 m<sup>2</sup>, brúttórúmmál 1205,2 m<sup>3</sup>.  
Stækkun: 62,9 m<sup>2</sup>, brúttórúmmál 225,3 m<sup>3</sup>.

Lóðarstærð: 739,2 m<sup>2</sup>  
Nýtingarhlutfall: 0,49

SHS  
0 9. maí 2023

### Vinnustofan Þverá ehf

Skólavörðustíg 12 • 101 Reykjavík • sími 5514060 • valdis@arkverk.is

### Skógarás 5, Hafnarfjörður aðaluppdráttur, stækkun

teikning:	afstöðumynd og grunnmynd efri hæðar
hannað:	VB
veiknr.:	1.145
teiknað:	OG
kvarðr.:	1:500 / 1:100
breytt:	12.05.2023
dags.:	18.02.2023

yfirfarir: Valdís Bjarnadóttir arkitekt FAI, FSSA

bládr.: 1.01

Magnús Jónsson  
Magnús Jónsson arkitekt FAI, kt. 010372 3589

